

# SKÝRSLA UM ALVARLEGT FLUGATVIK

Loftskrúfa rakst í jörð í lágflugi

M-01209/AIG-06

TF-BCX

Yakolev Yak-52

Jakar sf.

Flugvöllurinn á Skógum (BISK)

20. maí 2009



Markmið flugslysarannsóknna er að greina orsakabætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að því að öryggi í flugi megi aukast. Tilgangurinn er ekki að skipta sök og/eða ábyrgð. Skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargagn í opinberum málum, en rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys er óháð rannsókn flugslysa sbr. lög nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa.

## Um flugið

Staður og tími	
<b>Staðsetning:</b>	Flugvöllurinn á Skógum, Rangárvallasýslu (BISK).
<b>Dagsetning:</b>	20. maí 2009.
<b>Tími<sup>1</sup>:</b>	Um kl. 16:00.

Loffarið	
<b>Tegund:</b>	Yakolev Yak-52.
<b>Skrásetning:</b>	TF-BCX, skráð sem sértakt loffar (experimental) til einkaflugs með takmörkunum.
<b>Framleiðsluár:</b>	1982.
<b>Raðnúmer:</b>	822414.
<b>Lofthæfiskírteini:</b>	Lofthæfiskírteini í gildi.

Aðrar upplýsingar	
<b>Tegund flugs:</b>	Einkaflug.
<b>Fjöldi um borð:</b>	Tveir.
<b>Meiðsl:</b>	Engin.
<b>Skemmdir:</b>	Loftskrúfa eyðilagðist og loftinntak dældaðist.
<b>Atvikslýsing:</b>	Loftskrúfa rakst í jörð í lágflugi.

Flugmaður											
<b>Aldur, kyn:</b>	52 ára, karlmaður.										
<b>Skírteini:</b>	Handhafi PPL/A skírteinis, útgefið af Flugmálastjórn Íslands. Skírteinið var í gildi.										
<b>Heilbrigðisvottorð:</b>	Í gildi.										
<b>Áritanir:</b>	SE piston (land).										
<b>Reynsla:</b>	<table border="1"><tbody><tr><td>Heildartími:</td><td>362</td></tr><tr><td>Heildartími tegund:</td><td>17:10</td></tr><tr><td>Síðustu 90 dagar:</td><td>8:35</td></tr><tr><td>Síðustu 28 dagar:</td><td>5:35</td></tr><tr><td>Síðustu 24 tímar:</td><td>2:20</td></tr></tbody></table>	Heildartími:	362	Heildartími tegund:	17:10	Síðustu 90 dagar:	8:35	Síðustu 28 dagar:	5:35	Síðustu 24 tímar:	2:20
Heildartími:	362										
Heildartími tegund:	17:10										
Síðustu 90 dagar:	8:35										
Síðustu 28 dagar:	5:35										
Síðustu 24 tímar:	2:20										
<b>Hvíldartími:</b>	Vel hvíldur að eigin sögn.										

<sup>1</sup> Allir tímar í skýrslunni eru staðartími (UTC) ef annað er ekki tekið fram.

Flugmaðurinn og farþegi flugu frá Reykjavíkflugvelli að morgni 20. maí, 2009 til Kirkjubæjarklausturs með viðkomu í Vestmannaeyjum til eldsneytistöku. Eftir um klukkustundardvöl á Kirkjubæjarklaustri lögðu flugmennirnir af stað að nýju og áætluðu að fljúga til Reykjavíkur.

Þegar komið var að flugvellinum á Skógum fyrirhugaði flugmaðurinn að framkvæma lágflug yfir flugbraut 31. Lágflugið var framkvæmt á um 250 km/h hraða og ætlaði flugmaðurinn að halda sig í um þriggja metra hæð frá flugbrautinni.

Eftir að hafa flogið eftir hluta brautarinnar snerti loftskrúfan flugbrautina með þeim afleiðingum að mikill titringur kom upp í vélinni. Flugmaðurinn hækkaði þá flugið, dró aflið af hreyflinum og ákvað að nauðlenda flugvélinni. Valdi hann sér tún sunnan við vesturenda flugbrautarinnar, setti hjól niður, sveigði til suðurs og lenti flugvélinni. Lendingin gekk vel fyrir sig að sögn flugmannsins enda túnið ákjósanlegur landingarstaður. Á myndinni að neðan má sjá flugvélina á nauðlendingarstaðnum.



**Mynd 1: Flugvöllurinn á Skógum og TF-BCX. Horft til austurs.**

Flugmaðurinn slökkti á hreyfli flugvélarinnar og á kerfum hennar og tilkynnti atvikið án tafar til Rannsóknarnefndar flugslysa. Við skoðun RNF kom í ljós að loftskrúfan hafði

snert flugbrautina um tíu sinnum þar sem flugbrautin hækkar aðeins. Sjá mynd hér að neðan.



**Mynd 2: För eftir loftskrúfu í flugbraut. Horft til vesturs.**

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan skemmdist loftskrúfa flugvélarinnar talsvert og hefur það orsakað titring vélarinnar.



**Mynd 3: Skemmdir á loftskrúfu**

Að sögn flugmannsins var stýrisstillir (trim) flugvélarinnar stilltur fram og hafi hún því sigið niður án þess að hann veitti því athygli. Einnig telur flugmaðurinn að hann hafi látið útsýni til Skógarfoss trufla einbeitingu sína við lágflugið.

## **Tillögur í öryggisátt**

Engar.

## **Tilmæli**

Engin.

## **Breytingar í átt til öryggis**

Engar.

*Reykjavík, 25. september 2009*

*Rannsóknarnefnd flugslysa*